

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 5. október 1973.

Björn Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 294.

8. október 1973.

AUGLÝSING

um skipulag í Innri-Akraneshreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Innri-Akraneshrepps í Borgarfjarðarsýslu, að undanskildum nauðsynlegum byggingaframkvæmdum vegna búrekstrar.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að mál.

Félagsmálaráðuneytið, 8. október 1973.

Björn Jónsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 295.

8. október 1973.

AUGLÝSING

um skipulag í Mýrahreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964, skuli ná til Mýrahrepps í Austur-Skaftafellssýslu, að undanskildum nauðsynlegum byggingaframkvæmdum vegna búrekstrar.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að mál.

Félagsmálaráðuneytið, 8. október 1973.

Björn Jónsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 296.

8. október 1973.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 251 31. des. 1965 um breytingu á reglugerð Vatnsveitu Kópavogskaupstaðar nr. 183 12. des. 1958.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

8. gr. reglugerðar nr. 183/1958 orðist svo:

Fyrir hvert hús, sem fær vatn frá Vatnsveitunni skal greiða tengigjald kr. 9.00

á hvern rúmmetra húss allt að 2000 rúmmetra stærð, en kr. 6.00 á hvern rúmmetra, sem þar er umfram.

Tengingjald skal greiddast að fullu, áður en tenging fer fram.

2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

10. gr. reglugerðar nr. 183/1958 orðist svo:

Af hverri fasteign, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveitu kaupstaðarins skal greiða árlegan vatnsskatt til vatnsveitunnar.

Álagningarstofn vatnsskattsins skal vera heildarmat hvernar fasteignar, þ. e. mat mannvirkja og lóðar samkv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.

Upphæð vatnsskattsins skal vera 0.3% af framangreindu mati. Upphæð vatnsskattsins skal þó aldrei vera lægri en svarar kr. 10.60 á hvern rúmmetra á íbúðarhúsnæði og kr. 7.20 á hvern rúmmetra af öðru húsnæði. Á sama hátt skal upphæð vatnsskattsins aldrei vera hærri en svarar kr. 13.60 á hvern rúmmetra af hvaða húsnæði sem er. Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist ekki vatnsskattur.

Lágmarksupphæð vatnsskatts fyrir hverja skattskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 1 500.00.

Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og skal þá greiða vatnsskatt samkvæmt samþykktum uppráttum. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging þess hefst.

Framtalin gjöld skv. 8. og 10. gr. eru miðuð við byggingarvísitölu 853 stig, og breytast einu sinni á ári til samræmis við byggingarvísitöluna, eins og hún er í árslok hverju sinni. Hækkanir samkvæmt 8. og 10. gr. mega þó ekki vera meiri en 50% án staðfestingar ráðuneytis.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 8. október 1973.

Björn Jónsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

10. október 1973.

Nr. 297.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála, fjallskiladeildir og afréttir.

1. gr.

Sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefur á hendi yfirstjórn fjallskilamála í sýslunni og í Akraneskaupstað. Sveitarstjórnir fara með framkvæmd þeirra og gæta þess, að farið sé eftir ákvæðum laga um afréttarmál o. fl. og fjallskilasamþykktar. Þær geta og sett nákvæmari ákvarðanir í einstökum atriðum, en eigi mega þær ákvarðanir raska samþykkt þessari.

2. gr.

Borgarfjarðarsýsla og Akraneskaupstaður eru eitt fjallskilaumdæmi, er skiptist í sjö fjallskiladeildir. Svæði það, er fjallskiladeild nær yfir, er hið sama og leitar-